



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 8 starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 26. ágúst 2014 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Salt, Miðvangi 2, Egilsstöðum.

Fundarstaður Miðvangur 2-4, Egilsstaðir.

Mættir voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Eydís

Ásbjörnsdóttir, Páll Baldursson, Stefán Bogi Sveinsson, Gauti Jóhannesson og Þórunn Egilsdóttir.

Þá sat fundinn Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar og Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundar SSA dags. 10. júní 2014. Fundargerðin samþykkt
- b) Framkvæmdaráðs SSA dags. 18. ágúst 2014. Fundargerðin samþykkt
- c) Stjórnar Eypings 252. 253. 254. 255. og 256. Fundar. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- d) Stjórnar SASS, 480. 481. og 482 fundar, auk aðalfundargerðar frá 2. júlí 2014. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- e) Stjórnar FV dags. 4. júní 2014. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 817. Fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- g) HAUST 117. Fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- h) Sumarfundar landshlutasamtaka sveitarfélaga haldinn 12. og 13. júní 2014. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Kynnt drög að reglugerð fyrir minjaráð Austurlands sem byggir á lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Samþykkt að SSA tilnefni fulltrúa í minjaráð á aðlafundi 2014. Stjórnin gerir þó athugasemdir við að ekki skuli gert ráð fyrir fjármagni til greiðslu funda- og ferðakostnaðar ráðsins.
- b) Hrafnkeli Lárussyni um óska hans að flytja erindi á aðalfundi SSA sem haldinn verður á Vopnafirði dagana 19. og 20. september nk. um samspil svæðisbundinnar fjölmiðlunar og lýðræðis. Stjórn samþykkti að bjóða Hrafnkeli að halda stutta kynningu á rannsókn sinn um svæðisbundna fjölmiðlun á aðalfundi SSA.
- c) Sambandi íslenskra sveitarfélaga um boðun XXVIII.(28) Landsþings sambandsins sem haldið verður dagana 24. til 26. september nk. á Akureyri.

Formaður og framkvæmdarstjóri SSA verða fulltrúar á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

- d) Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þar sem því er beint til Austurbrúar og stjórnar SSA að kannað verði með hvaða hætti best verði unnið að framtíð og eflingu staðbundinnar fjölmiðlunar á Austurlandi. Samþykkti að vísa erindi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs til meðferðar á aðalfundi SSA.

3. Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði dagana 19. og 20. september 2014:

- a) Farið yfir drög að dagskrá aðalfundar SSA 2014, drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 ásamt endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Tillögur að stjórnarlausnum fyrir komandi starfsár og tillögur að árgjöldum sveitarfélaga til SSA fyrir árið 2015 .

4. Önnur mál:

- a) Skúli Gunnarsson, kynnti störf starfsháttanefndar.
- b) Bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs frá 1. júlí 2014 um dreifikerfi Landsnets. Samþykkt að vísa málinu til nefndar á aðalfundi SSA.
- c) Ályktanir 9. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem haldinn var í Grímsnes – og Grafningshreppi 26. og 27. júní sl. lagðar fram til kynningar.
- d) Formaður greindi frá því að hann hefði verið skipaður af Innanríkisráðuneytinu í starfshóp um gjaldtöku í innanlandsflugi.
- e) Jóna Árný fór yfir ferli varðandi samþykki gjaldskrár almenningssamgangna og fyrirkomulag málefna SSA frá og með 1. september þegar Ólafur Áki lýkur störfum hjá Austurbrú.
- f) Eydís kynnti tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund SSA 2014.

Fundi slitið kl. 16:40

Ólafur Áki Ragnarsson,